

Útgáfuupplýsingar (Release Notes) - Maintx 14.5

MaintSoft ehf | Nóvember 2020

Ný veflausn til þess að senda bilanatilkynningar beint í Maintx

Búið er að útbúa sérstaka veflausn fyrir Maintx til þess að gefa öllum starfsmönnum, ekki bara viðhaldsmönnum, tækifæri til þess að senda bilanatilkynningu úr snjallsíma, spjaldtölvu, fartölvu eða borðtölvu beint í kerfið.

Starfsmenn sem tilkynna bilanir geta tekið myndir af vandamálunum og sent þær með bilanatilkynningunni. Lausnin hjálpar þér að koma í veg fyrir bilanir og vöntun á upplýsingum. Með henni er unnt að skipta út SMS skilaboðum, símtölum eða öðrum aðferðum við koma á framfæri bilanatilkynningum með nýrri, stöðugri og öruggri aðferð.

Fyrirkomulagið gagnvart notendum og kerfinu:

A. Fyrirkomulagið gagnvart þeim sem tilkynnir:

1. Notandi opnar veflausnina með sínu auðkenni
2. Hann velur bilaða tækið af eignalistanum
3. Hann velur bilun af bilanalista eða skráir eigin lýsingu og les inn myndir
4. Hann velur senda og þar með er verkið komið á rétt verkyfirlit.

B. Fyrirkomulagið í viðhaldsstjórnunarkerfinu:

1. Tilkynning fer á sérstakt verkyfirlit
2. Til þess bær aðili breytir tilkynningu í verkbeiðni (hægt að gera sjálfvirkt)
3. Verkbeiðnin fer í venjulegt vinnsluferli.

Nothæfni eigna (tækja/búnaðar)

Búið er að gera mögulegt að merkja við verkbeiðnir í kerfinu hvenær tæki/búnaður eru ekki notkunarhæf. Með þessu móti hafa starfsmenn alltaf yfirsýn um það hvort að viðkomandi eign sé heimilt að nota eða ekki vegna ástands. Þannig er auðveldara að skipuleggja starfsemina með tilliti til ástand þess. Þegar verkbeiðni er lokað þá er miðað við að eignir séu þar með notkunarhæfar.

Handbækur endurskoðaðar/uppfærðar

Nú eru í boði uppfærðar og breyttar útgáfur af styttri leiðbeiningum um ýmis mikilvæg atriði varðandi notkun Maintx kerfisins, auk þess sem aðalhandbókin hefur einnig verið endurskoðuð og betrumbætt.

Strikamerkingar

Núna er unnt að prenta út úr viðhaldskerfinu strikamerki á límmiða fyrir vörur í vörugeymslum óháð tegund prentara.